

Mánudaginn 24. októbermán.

Nr. 21/1887.

Rjettvísinn
gegn
Edílon Stefánssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Eyjafjarðarsýslu, upp kveðnum 27. dag desembermán. 1886, var hinn ákærði, Edílon Stefánsson, dæmdur fyrir þjófnað, framinn í annað sinn, í þriggja ára betrunarhúss-vinnu, til að greiða iðgjöld Sigurgeiri Sigurðssyni 18 kr. 75 aur., Solveigu Brynjólfsdóttur 6 kr. 50 aur., og Valgerði Sigurðardóttur 6 kr. 50 aur., svo og til að greiða allan málskostnað. Þessum dómi er að tilhlutun hlutadeigandi amtmanns áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Edílons Stefánssonar, og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann veturinn 1885—86, er hann dvaldi á Öngulstöðum í Eyjafirði, stal frá húsbónda sínum talsverðu af spaðkjöti og flutti það af bæ; en er þetta komst upp, varð hann að flytja það heim aptur, og kom það þannig til skila. Þá er enn fremur löglega sannað, að hann í fyrstu göngum 1886, þá vistfastur á Hrafnagili í Eyjafirði, stal tvævetrum sauð og veturgamalli kind. Kindur þessar tók hann í fjár-rjett austan Eyjafjarðar-ár, og rak þær með þeim kindum, er hann með öðrum manni var sendur til að sækja, og ganga áttu vestur yfir á, að Stokkahlöðum; þar tók hann þessar kindur úr fjenu, og rak þær að Hrafnagili. Þá tók hann enn úr 2. göngum sama haust heima á Hrafnagili 3 kindur veturgamlar, og

úr 3. göngum 3 kindur, einnig veturgamlar, er komið höfðu saman við Hrafnagilsfjeð. Áður um-getinn tvævetran sauð ljet hann selja á markaði; af hinum kindunum seldi hann eina á Akureyri, en hinum öðrum slátraði hann og seldi afurðirnar að mestu. Ekki er það sannað, hverjir hafi átt kindur þessar, nema um 3 veturgamlar kindur; eina þeirra átti Sigurgeir Sigurðsson á Öngulstöðum, aðra Solveig Brynjólfsdóttir á Merki-gili, og hina þriðju Valgerður Sigurðardóttir á Akureyri. Að því snertir hinn tvævetra sauð, er ný-nefndum Sigurgeir af hjeradsdómaranum er dæmt endurgjald fyrir, þá virðist eigi næg sönnun vera fyrir því, að Sigurgeir hafi átt hann, og verður honum því ekki í þessu máli dæmt endurgjald fyrir hann.

Þessi afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og áður hefur verið hegnt fyrir stórþjófnæð með betrunarhúss-vinnu í 8 mánuði eptir landsyfirjettardómi, gengnum 21. apríl 1884, ber að heimfæra undir 232. grein hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, eptir mála-vöxtum hæfilega metin 2 ára og 6 mánaða betrunarhúss-vinna. Um málskostnað skal hjeradsdóminum óraskað. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við landsyfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Edílon Stefánsson, á að sæta betr-

unarhúss-vinnu í 2 ár og 6 mánuði, og greiða iðgjöld til Sigurgeirs Sigurðssonar á Öngulstöðum 6 kr. 50 aur., til Solveigar Brynjólfsdóttur á Merki-gili 6 kr. 50 aur., og til Valgerðar Sigurðardóttur á Akureyri 6 kr. 50 aur. Um málskostnað í hjeraði skal hjeraðsdóminum óraskað. Svo greiði og hinn ákærði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. nóvembermán.

Nr. 43/1887.

Valdimar Ásmundarson
gegn
Gesti Pálssyni.

D ó m u r :

Í 8. tölublaði »Fjallkonunnar«, sem út kom hinn 18. marzmán. þ. ár, er meðal auglýsinga prentaður nafnlaus kviðlingur með hundsmynd yfir og fyrirsögninni »Grafskript«. Kviðlingur þennan áleit hinn stefndi, Gestur Pálsson, stílaðan til sín og blaðsins »Suðra«, sem hann hafði gefið út, en þá fyrir skömmu var liðið undir lok, og með því að hann áleit hann mjög meiðandi fyrir sig, höfðaði hann meiðyrða-mál gegn áfrýjandanum,